

Alþingi
Umhverfis og samgöngunefnd
Sent rafrænt á nefndasvid@althingi.is

Ísafirði 4. maí 2018

Umsögn frumvarp til laga um skipulag haf- og strandsvæða, 425. mál (endurflutt frá 146. löggjafarþingi, mál 408).

Vaxandi áhugi á nýtingu strandsvæðisins skapar ný tækifæri í atvinnu og byggðaðróun á Vestfjörðum. Mikilvægt er að sú uppbygging haldist í hendur við aðra atvinnustarfsemi á svæðinu og samfélögin njóti þess til langrar framtíðar, skipulag strandsvæðis er þar lykilþáttur.

Fjórðungssamband Vestfirðinga (FV) hefur í rúman áratug haft skipulagsmál strandsvæða til umræðu á sínum vettvangi. Einnig með því að halda málinu að í umræðu við stjórnvöld s.s. með umsögnum til Alþingis og fagraðuneyta (drög að frumvörpunum um fiskeldi) og unnið að verkefnum s.s. gerð Nýtingaráætlunar fyrir Arnarfjörð 2012-2024. FV hefur einnig í umræðu um málið unnið náið með Sambandi íslenskra sveitarfélaga.

Það var því FV fagnaðarefni að frumvarp um skipulag haf- og strandsvæða kom fram á 146. löggjafarþingi en málið fékk ekki afgreiðslu og er nú endurflutt með ákveðnum breytingum. Frumvarpið og greinargerð sem því fylgir er ágætlega unnin og lýsir vel markmiðum, fyrirkomulagi stjórnsýslu og mikilvægi þess að skipulag haf- og strandsvæða verði tekið upp. FV leggur því ríka áherslu á að frumvarpið fái nú þinglega meðferð en um leið gerir FV athugasemdir við ákvæði þess.

Breytt staða.

Það er galli hve lengi frumvarpið var í vinnslu innan stjórnarráðsins og þingleg meðferð hefur dregist úr hófi. Þróun í nýtingu strandsvæðanna á síðustu misserum hefur verið mjög hröð s.s. uppbygging fiskeldis á Vestfjörðum og Austfjörðum. Þetta hefur leitt til þess að afstaða sveitarfélaga lýsir sér nú í mun eindregnari afstöðu um stöðu þeirra í málinu t.d. umsögn Ísafjarðarbæjar og Sambands íslenskra sveitarfélaga um frumvarpið, sem FV hefur kynnt sér. Hér má einnig benda á nýlega stefnumörkun um málefni fiskeldis, sem samtök sjávarútvegssveitarfélaga samþykktu þann 30. apríl s.l. og Samband íslenskra sveitarfélaga leggur sem grunn í sinni umsögn.

Breytt staða - afstaða sveitarfélaga.

Leggja sveitarfélögin nú megináherslu á að skipulag strandsvæða verði í þeirra höndum með stækkun lögsögu sveitarfélaga til hafsins. Fjórðungssamband Vestfirðinga telur þetta réttmæta kröfu til lengri tíma litið. Hinsvegar þá verður jafnframt lagt til grundvallar að ef fleiri en eitt sveitarfélag eigi lögsögu innan tilgreinds strandsvæðis, þá verði lögbundið að þau vinni saman að skipulagi strandsvæðisins með skipan svæðisskipulagsnefndar eða ígildi hennar.

Til nánari skýring þá yrði ábyrgð á gerð strandsvæðaskipulags samkvæmt 4. gr og 5. gr frumvarpsins verði ekki hjá svæðisráðum. Þess í stað verði gerð strandsvæðaskipulags hjá sveitarfélagi eða samstarfsnefnd sveitarfélag á sambærilegum forsendum og við gerð svæðisskipulags í stað svæðisráðs. Má hér vísa til núverandi verkaskiptingu milli ríkis og sveitarfélaga í skipulagsmálum sem grundvallast í rétti sveitarfélaga um ákvörðun í eigin málum þ.e. nálægðarreglu og hefðarréttar um að vinna að málefnum samfélaga.

Taka verður til skoðunar hvort setja mætti af stað tilraunaverkefni á Vestfjörðum og Austfjörðum þar sem sveitarfélögum verði fengin tímabundin heimild um gerð strandsvæðaskipulags. Hlutverk Skipulagsstofnunar sem framkvæmdaraðila samkvæmt 5. gr og sem eftirlitsaðila samkvæmt 8., 13. og 14. gr yrði að endurskoðast samhliða.

Breytt staða – ráðuneyti.

Ný staða er einnig kominn upp með frumvarpi sjávarútvegsráðherra til laga um breytingu á ýmsum ákvæðum laga um fiskeldi (mál 457) sem lagt er fram á 148. löggjafarþingi. Í frumvarpinu eru afgerandi ákvæði fyrir skipulag strandsvæða, má þar annarsvegar tilgreina lögfestingu ákvæðis um áhættumat erfðablöndunar og hinsvegar ákvæði sem heimilar ráðherra úthlutun á ótímabundnum leyfum til eldis laxfiska í sjó. Mun úthlutunin fara fram kjölfar mats Hafrannsóknarstofnunar á hagkvæmustu staðsetningu fiskeldis innan þeirra strandsvæða þar sem eldi frjórra laxfiska er heimiluð. Gert er ráð fyrir samráði við sambærilega aðila og tilgreindir eru í frumvarpi um skipulag haf og strandsvæða m.a. aðliggjandi sveitarfélög. Hér er stærsta inngrip í nýtingu strandsvæða á staðbundnum búnaði frá því land byggðist og verður að óbreyttu langt til lokið þegar vinna við strandsvæðaskipulag er að hefjast.

Fjórðungssamband Vestfirðinga gerir þá kröfu um að umhverfis og samgöngunefnd leyti samráðs við atvinnuveganefnd Alþingis og eftir atvikum viðkomandi ráðuneyta auk Sambands íslenskra sveitarfélaga um samræmingu þessara mála.

Önnur mál.

Fjórðungssamband styður bráðabrigðaákvæði frumvarpsins um að hefja beri gerð strandsvæðaskipulags fyrir Vestfirði og Austfirði en ekki beðið stefnumörkunar á grunni endurskoðarar landskipulagsstefnu. Fjórðungssambandið telur hinsvegar að vanmat sé á kostnaði við framkvæmd strandsvæðaskipulagsins.

Fjórðungssambandið leggst gegn ákvæði 3. málsgreinar 5. greinar um áheyrnarrétt umhverfissamtaka. Vinna að strandsvæðaskipulagi verður með sambærilegum hætti og skipulagsvinnu á landi og hafa umhverfissamtök sem og aðrir hagsmunaaðilar margþættan aðgang að skipulagsvinnu á öllum stigum máls¹. Skipan áheyrnarfulltrúa mun valda óvissu um jafnræði annarra hagsmunaaðila gagnvart skipulagsvinnunni. Eins telur Fjórðungssambandið að ákvæðið geti skapað fordæmi til framtíðar litið gerð aðalskipulags og svæðisskipulags og rétti sveitarfélaga til að ráða málum í þeirra nærumhverfi.

¹ Samkvæmt Lögum um náttúruvernd. 2. m.mgr. 91 gr " Kærurétt eiga þeir sem eiga lögvarða hagsmuni tengda hinni kærðu ákvörðun og náttúru- og umhverfisverndarsamtök og útivistarsamtök sem varnarþing eiga á Íslandi, enda séu félagsmenn samtakanna 30 eða fleiri og það samrýmist tilgangi samtakanna að gæta þeirra hagsmuna sem kæran lýtur að. "

Verði það niðurstaða að frumvarpið sé samþykkt í núverandi mynd þá lýsir Fjórðungssambandið áhyggjum að aðkoma fagráðuneyta að svæðisráðum verði ekki með nægjanlegum virkum hætti. Í kostnaðarmati á frumvarpinu er einungis metin kostnaður við framkvæmd Skipulagsstofnunar og umhverfisráðuneytis. Mikilvægt er að önnur fagráðuneyti hafi fjárveitingu til þátttöku í vinnu innan svæðisráða strax í upphafi og einnig að með sama hætti sé tryggð vinna fagstofnana þessara ráðuneyta samkvæmt 6. gr.

Áréttað er að FV tekur undir umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga er varðar önnur atriði frumvarpsins.

F.h. Fjórðungssambands Vestfirðinga



Aðalsteinn Óskarsson, framkvæmdastjóri.